

700IS
Hreindýraland



Fréttatilkyning **2012**

Fréttatilkyning frá 700IS Hreindýralandi

Kvikmynda- og vídeólistahátíð á Austurlandi **700IS HREINDÝRALAND** hóf göngu sína árið 2006 að frumkvæði Kristínu Scheving myndlistarkonu og þáverandi framkvæmdastjóra Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs og er nú haldin í sjöunda sinn 24. - 29. mars næstkomandi. Þá viku sýnir 700IS Hreindýraland úrval vídeóverka og einnig er prógram valið af Helenu Jónsdóttur, danshöfundu og listakonu, sem var hluti af Reykjavík Dance Festival sl. haust.

Í valinni dagskrá í Sláturhúsinu verður kynntur rjóminn í íslenskri og alþjóðlegri dansmyndagerð. Breiddin er mikil og viðfangsefnið ólík, en dans og hreyfing koma þar alls staðar við sögu í




Horizon of exile

margvíslegu og ólíku listrænu samhengi. Þess utan kynnrir Hreindýraland dagskrá sem gestasýningarstjórnir Ivanov & Chan frá Orkneyjum hafa tekið saman frá hátíðinni Papay Gyro Nights, Juha Van Ingen sýningarstjóri frá Finnlandi Niclas Hallberg frá Svíþjóð ásamt Kristínu Scheving kynna Norræna samstarfsverkefnið NOVA <http://www.northernvideoart.net/HOME> þar sem er að finna yfir 60 norræna listamenn, sem vinna með vídeó og New Media.



Nora



Rewind



Kristín Scheving stofnandi hátíðarinnar:

Ég fékk Helenu Jónsdóttur til að vera listrænan stjórnanda að einum hluta hátíðarinnar í ár. Við unnum saman við Reykjavík Dance Festival sl. haust og mér fannst þar sem ég hafði tekið að mér verkefnastjórn hjá listahátíð í Reykjavík í vor, tilvalið að fá fersk augu og nýja sýn á þema Hreindýralands - hátíðarinnar í ár. Á hverju ári er mismunandi þema og í ár er það semsagt hreyfing / dans á mynd. Íris Lind Sævarsdóttir hefur unnið með mér að hátíðinni síðan 2007 og er

framkvæmdastjóri hátíðarinnar í ár og einnig fengum við til liðs við okkur Emelíu Antonsdóttur sem hefur sl. ár verið með dansskóla á Fljótsdalshéraði á sumrin. Við vinnum síðan náðið með framkvæmdastjóra Sláturhúss Menningarseturs, Halldóri Waren og Fljótsdalshérað er einn af stærstu styrktaraðilum hátíðarinnar í ár eins og síðustu ár. Sjá má aðra styrktaraðila og dagskrá á vefsíðu hátíðarinnar www.700.is

NOVA verkefnið er einnig mjög spennandi norrænt verkefni sem byrjaði fyrir rúmu ári síðan og er þar að finna yfir 60 listamenn sem vinna með vídeó og New Media frá Svíþjóð, Íslandi og Finnlandi og munu bætast við í þann hóp 40 listamenn frá Noregi og Danmörku í sumar. NOVA ferðast um heiminn og á síðustu mánuðum sýnt í Berlín, á Orkneyjum, í Noregi og mun á næstunni vera með sýningar í Helsinki, Hong Kong og fleiri stöðum.´

Eitthvað fyrir alla íbúa Austurlands!

Íris Lind Sævarsdóttir framkvæmdarstjóri hátíðarinnar:

´Frá upphafi hefur það verið mjög mikilvægt fyrir okkur að ná til sem flestra í samfélaginu. Við höfum verið með sérstaka dagskrá fyrir ýmsa aldurshópa, sérvalin verk fyrir leikskólabörn, grunnskóla og menntaskólanemendur hafa fengið leiðsögn um sýningarnar og einnig höfum við boðið upp á sýningar í félagsheimili eldri borgara. Nú þegar hafa margir hópar skráð sig og stefnir því í fjöruga daga í Hreindýralandi.´

Bílabíó á Egilsstöðum:

Boðið verður upp á bílabíó, þar sem Sigurjón Sighvatsson hefur gefið leyfi til að sýna myndina ´A 21st Century Portrait´ um **Zinedan Zidane**, og verður henni varpað utan á Sláturhúsið á Egilsstöðum og hljóðið á myndinni getur fólk nálgast á útvarpsrás Sláturhússins.

Nánar um hátíðina og dagskrána á www.700.is

Nánari upplýsingar veita:

Íris Lind Sævarsdóttir, irislinds@gmail.com s. 8983143

Kristín Scheving kscheving@gmail.com s. 8453805